

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/29/02

nr. 3/97  
frá 10. mars 1997

## um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/96 frá 13. desember 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/290/EB frá 17. júlí 1995 um sameiginlega tækniforskrift að móttökubúnaði fyrir almenna evrópska þráðlausa skilaboðakerfið (ERMES-skilaboðakerfið)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/525/EB frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum fyrir endabúnað fyrir evrópsk stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT), almennan aðgang (PAP)<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/526/EB frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift fyrir stafrænt samþætt þjónustunet (ISDN-samnet) að því er varðar 3,1 kHz talsímaþjónustu, tengikröfur fyrir talfæraendabúnað<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4j. **395 D 0290:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/290/EB frá 17. júlí 1995 um sameiginlega tækniforskrift að móttökubúnaði fyrir almenna evrópska þráðlausa skilaboðakerfið (ERMES-skilaboðakerfið) (Stjttfð. EB nr. L 182, 2. 8. 1995, bls. 21).

4k. **395 D 0525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/525/EB frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum fyrir endabúnað fyrir evrópsk stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT), almennan aðgang (PAP) (Stjttfð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995, bls. 35).

4l. **395 D 0526:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/526/EB frá 28. nóvember 1995 um sameiginlega tækniforskrift fyrir stafrænt samþætt þjónustunet (ISDN-samnet) að því er varðar 3,1 kHz talsímaþjónustu, tengikröfur fyrir talfæraendabúnað (Stjttfð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995, bls. 38).”

#### 2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 95/290/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 95/525/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 95/526/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

C. Day

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 100, 17. 4. 1997, bls. 68 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 16, 17. 4. 1997, bls. 174.

<sup>(2)</sup> Stjttfð. EB nr. L 182, 2. 8. 1995, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjttfð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjttfð. EB nr. L 300, 13. 12. 1995, bls. 38.